SETBERGSSKÓLI

Skólaárið 2025-2026

# Kennsluáætlun fyrir Ensku í 9. bekk

**Kennari**: Anna Kristín Jóhannesdóttir (annakj@setbergsskóli.is)

**Námsefni:**

Spotlight 9

The Boy in the Striped Pajamas by John Boyne.

| Tímabil | Efnisþættir | Hæfniviðmið | Leiðir/ Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Allt skólaárið | Við komum til með að þjálfa hlustun, lesskilning og ritun yfir allt skóla árið. Áhersla verður lögð á eftirfarandi hæfniviðmið út árið. | - Nemandi geti skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt.<br><br>- Nemandi geti fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt.<br><br>- Nemandi geti hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.<br><br>- Nemandi geti aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu,<br><br>-Nemandi geti skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. | - Spotlight 9: Fjölbreytt hlustunar og ritunarverkefni.<br><br>- Kvikmyndir og bókmenntir.<br><br>- Málfræðiverkefni og lesbækur. | - Hópa- og einstaklingsverkefni<br>- Kaflapróf úr Spotlight 9.<br>- Umræða og virkni. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ágúst-september | | - Nemandi geti lesið sér til fróðleiks rauntexta af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt.<br>- Nemandi geti lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.<br>- Nemandi geti lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum. | Spotlight 9.<br><br>Bíómyndin Juno<br><br>The Boy in The Striped Pajamas. | Kaflapróf<br><br>Virkni<br><br>Verkefni tengd myndinni Juno. |
| Október-nóvember | | - Nemandi geti lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.<br><br>- Nemandi geti tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli.<br><br>- Nemandi geti tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.<br><br>- Nemandi geti tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós. | Spotlight 9.<br><br>The Boy In The Striped Pajamas. | Kaflapróf<br><br>Málfræðipróf<br><br>Spurningar og verkefni við TBIP. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Desember | | - Nemandi geti tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við með spurningum.<br><br>- Nemandi geti gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og hvað sé líkt og ólíkt með hans eigin aðstæðum.<br>- Nemandi geti sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins.<br><br>- Nemandi geti gert sér grein fyrir fjölbreytileika tungumálsins eftir málsvæðum. | Bíómyndin The Boy In The Striped Pajamas.<br><br>Jólaverkefni tengt menningu. | Lokaverkefni TBISP “Book Head”.<br><br>Verkefni “Christmas around the world”. |
| Janúar-febrúar | | - Nemandi geti flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af og svarað spurningum.<br><br>- Nemandi geti samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra.<br><br>- Nemandi geti beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi. | Spotlight 9<br><br>Bókmenntir. Short stories. | Kaflapróf<br><br>Verkefni: “A Boring Lesson”. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Mars-maí | | - Nemandi geti sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi,<br><br>- Nemandi geti skrifað texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.<br><br>- Nemandi geti skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.<br><br>- Nemandi geti samið texta þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín. | Spotlight 9.<br><br>Bókmenntir. Short stories. | Kaflapróf<br><br>Málfræðipróf<br><br>Verkefni, bókarýni og kynning tengd bók. |

Birt með fyrirvara um breytingar